



# Akraneskaupstaður



## Leigufélagið Bríet

# HMS

## Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

## Viljayfirlýsing

### um fjölgun íbúða, eflingu stafrænnar stjórnýslu og upplýsingagátta í Akraneskaupstað

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS), Leigufélagið Bríet ehf. (Bríet) og Akraneskaupstaður lýsa yfir vilja sínum til að vinna saman að tilraunaverkefni á Akranesi. Markmið verkefnisins eru

- i. að stuðla að auknu húsnæðisöryggi leigjenda með því að bregðast við þeirri stöðu sem komin er upp í húsnæðismálum hvað varðar fyrirsjáanlegan skort á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu,
- ii. greina samspil húsnæðiskostnaðar og almenningsamgangna á vaxtarsvæðum,
- iii. efla stafræna stjórnýslu húsnæðis- og byggingarmála í sveitarfélaginu og
- iv. auka skilvirkni í skipulagsmálum.

Verkefnið mun stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í samræmi við þá húsnæðisþörf sem metin er í húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar. Í áætluninni kemur m.a. fram að töluverð þörf sé fyrir aukið framboð af leiguhúsnæði á Akranesi fyrir mismunandi félagshópa. Á það við um leiguíbúðir á almennum markaði, félagslegt leiguhúsnæði, leiguhúsnæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur undir tekju- og eignarmörkum, fyrir fatlað fólk og aldraða. Þá mun verkefnið verða til þess að varpa frekara ljósi á raunhúsnæðiskostnað þeirra sem búa á vaxtarsvæðum en stunda vinni á höfuðborgarsvæðinu. Með verkefninu verður Akraneskaupstaður einn af brautryðjendum rafrænna húsnæðisáætlana, vinnur með HMS að markvissri notkun rafrænnar stjórnýslu byggingarmála með Byggingargátt og mun stuðla að bættum upplýsingum um leigumarkaðinn með því að vinna undirbúningsvinnu með HMS að rafrænni skráningu leigusamninga.

ES  
AEO SFV

Viljayfirlýsing þessi nær til eftirfarandi verkefna:

#### Aukin uppbygging íbúða

1. Bríet mun taka þátt í fyrirhugaðri uppbyggingu á allt að 48 íbúðum á Akranesi sem skipt verður í áfanga. Þátttaka Bríetar felst í því að félagið skuldbindur sig til að kaupa allt að átta íbúðir.
2. HMS og Akraneskaupstaður veiti stofnframlög til byggingar á allt að 24 almennum íbúðum fyrir fólk undir tekju- og eignamörkum og allt að 34 íbúðum fyrir aldraða þar sem Akraneskaupstaður tryggir aðgengi að hentugum lóðum fyrir íbúðirnar, enda uppfylli umsækjendur öll skilyrði til að hljóta stofnframlög sem og forgangsreglur úthlutunar stofnframlaga ríkisins.
3. Akraneskaupstaður vinni að því að fjölga íbúðum fyrir fatlað fólk á næstu árum um allt að 15 íbúðir. Fjölgunin verði í samstarfi við Ás styrktarfélag, Proskahjálp og Brynju hússjóð. HMS mun koma að lánsfjármögnun og eftir atvikum fjármögnun með stofnframlögum ríkisins.

#### Samspil húsnæðiskostnaðar og samgöngukostnaðar

4. Akraneskaupstaður og HMS vinni saman að kostnaðarmati á húsnæðiskostnaði mismunandi félagshópa í samhengi við samgöngukostnað og aðgengi að almenningsamgöngum.

#### Efling stafrænnar stjórnarsýslu í húsnæðis- og byggingarmálum

5. Akraneskaupstaður og HMS vinna sameiginlega að eflingu stafrænnar stjórnarsýslu og upplýsingagátta með útgáfu á rafrænni húsnæðisáætlun og markvissri notkun Byggingargáttar HMS í stjórnarsýslu byggingarmála á Akranesi. Undirbúningur verði hafinn við að skrá leigusamninga á svæðinu í Húsnæðisgrunn HMS.

#### Aukin skilvirkni í skipulagsmálum

6. Greining verður gerð á skipulagsskilmálum Akraneskaupstaðar með það að markmiði að auka skilvirkni í skipulagsmálum, einfalda ferla og tryggja aukinn sveigjanleika við úthlutun lóða. Sérstaklega væri horft til þess að auka sveigjanleika við þróun og uppbyggingu á hagkvæmu húsnæði og tryggja að skipulagsskilmálar séu ekki óþarflega íþyngjandi.

#### Efling brunamála

7. Akraneskaupstaður og HMS vinna saman að verkefnum til að efla eldvarnir á heimilum og vinnustöðum á Akranesi. Farið verði í fræðsluáttak um eldvarnir og úrbætur fyrir einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu auk þess að farið verði í rýni á brunavarnaráætlun sveitarfélagsins.

Akranes, 22. desember 2020

F.h. félagsmálaráðuneytis




Ásmundur Einar Daðason,  
Félags- og barnamálaráðherra

F.h. Akraneskaupstaðar




Sævar Freyr Þráinsson  
Bæjarstjóri

F.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Hermann Jónasson,  
Forstjóri

F.h. Leigufélagsins Bríetar ehf.



Soffía Guðmundsdóttir  
Framkvæmdarstjóri